



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Steinahlíð

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
1.1 Öryggi og vellíðan.....	4
1.2 Útinám og umhverfi	5
2 Hlíð.....	6
2.1 Samskipti við börn.....	6
2.2 Hópastarf og annað Skipulagt starf á deildum.....	6
2.3 Samskipti við foreldra	7
2.4 Starfsandi og starfsskilyrði	8
2.5 Samstarf milli deilda.....	8
2.6 Árstíðarbundin Verkefni.....	8
2.7 Samstarf við Vogaskóla	8
3 Kjarr	10
3.1 Samskipti við börn.....	10
3.2 Hópastarf og annað Skipulagt starf á deildum.....	10
3.3 Útinám.....	10
3.4 Frjáls leikur	11
3.5 Samskipti við foreldra	11
3.6 Starfsandi og starfsskilyrði	11
3.7 Málörvun.....	12
3.8 Samstarf milli deilda.....	12
3.9 Árstíðarbundin Verkefni.....	12
3.10 Annað	13
4 Laut	14
4.1 Samskipti við börn.....	14
4.2 Hópastarf og annað Skipulagt starf á deildum.....	14
4.3 Útinám.....	14
4.4 Frjáls leikur	15
4.5 Samskipti við foreldra	15
4.6 Starfsandi og starfsskilyrði	15

4.7	Málörvun.....	16
4.8	Samstarf milli deilda.....	16
4.9	Árstíðarbundin Verkefni.....	16
4.10	Annað.....	16
4.11	Foreldrasamvinna	16
4.12	Starfspróun.....	17
5	Sérkennsla.....	18
5.1	Samskipti við foreldra	18
5.2	Starfsandi og starfsskilyrði	18
5.3	Málörvun.....	18
5.4	Starfspróun.....	19
6	Umsögn foreldraráðs.....	20
7	Skipulagsdagar	22

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Steinahlíð eru um 14 stöðugildi. Einhverjar breytingar geta verið á því eftir aldri og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Umfang sérkennslu hefur einnig áhrif á fjölda stöðugilda Starfsmannahald Steinahlíðar lítur nokkuð vel út. Einhverjar breytingar verða þó með haustinu. Starfsmannahald hefur verið stöðugt og er útlit fyrir að sá stöðugleiki haldi. Hlutfall menntaðra kennara er nokkuð hátt. Fimm leikskólakennarar starfa við Steinahlíð. Nokkuð hefur verið um að fólk sækir sér leikskólakennaramenntun. Einn starfsmaður er komin vel áleiðis með leikskólakennaranám, annar starfsmaður með að öllum líkindum hefja leikskólakennaranám nú í haust. Að auki höfum við fólk með aðra menntun sem kemur þá með sína sýn á starfið. Fagmenntað starfsfólk bætir og eykur faglegt starf innan leikskólans sem skilar sér beint til barnanna.

Áherslupættir á komandi vetri verða svipaðir og þeir hafa verið. Við ætlum að leggja áherslu á útinám og ræktun. Við munum halda áfram að nýta litla gróðurhúsið á með fjölbreyttri ræktun. Með því getum við framlengt ræktun lengra fram á haust, að auki er hægt að byrja ræktunarstörf fyrr að vori. Við erum einnig að bæta okkur í ræktun utan dyra. Við höfum komið okkur upp kari með vandaðri mold þar sem við munum rækta grænmeti. Okkur hefur orðið ágengt með að koma útinámi á fleiri hendur er var. Við höfum frábært fólk sem hefur áhuga og getu til þess að stunda útinám og njóta útiveru með börnunum. Plön eru uppi um að bæta okkur enn frekar hvað þennan þátt varðar. Þau plön eru þó ekki enn fast mótuð.

Í menntastefna Reykjavíkurborgar sem nær til ársins 2030 koma meðal annars fram fimm grundvallarþætti, félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Við stefnum ótrauð að því að efla okkur í öllum þessum þáttum á komandi vetri. Þessir grundvallarþættir rúmast ágætlega fyrir í þeim áhersluatriðum sem nefnd eru hér að neðan.

Við teljum okkur hafa allar forsendur til þess að bæta skólann okkar. Við viljum leggja áherslu á ákveðna þætti til þess að öllum sem að skólanum koma líði vel. Þættirnir sem við viljum leggja áherslu á eru:

1.1 Öryggi og vellíðan.

Barni sem líður vel er tilbúið að læra og skoða heiminn og takast á við þær áskoranir sem þar er að finna. Starfsfólki sem líður vel er tilbúið að gefa af sér og leiðbeina börnum á þeirri vegferð sem þau eru á. Vellíðan í starfsmannahópnum eflir samstarf og glæðir allt líf í leikskólanum. Ánægðir foreldrar styðja við leikskólastarfið, þeirra ánægja smitast til barnanna.

1.2 Útinám og umhverfi

Leikskólinn Steinahlíð hefur yfir einstakri lóð að ráða. Hún er stór og á henni má finna fjölbreyttan gróður og náttúruyfyrirbæri. Lóðin býður upp á mörg námstækifæri sem þarf að nýta til náttúrufræðslu, ræktunar, félagsfærni og fleiri þátta.

1.2.1 Skapandi og örvandi leikskólaumhverfi.

Sköpun er afskaplega breytt hugtak sem má túlka á marga vegu. Kennarar skólans eru hvattir til sköpunar í víðum skilningi þess orðs. Við viljum nýta sérstöðu hvers og eins og vitum að það eru til margar leiðir að sama markmiði, engin ein leið er sú eina rétta. Mikilvægt er að nýta allar byggingar leikskólans vel í þágu allra.

Uppi eru áform um að stækka leikskólann Steinahlíð. Enn hafa þó ekki verið teknar ákvarðanir um það hvenær eða endanlega hvort leikskólinn verður stækkaður. Stækkun felur í sér ákveðin sóknarfæri. Slíku verkefni fylgja þó að sjálfsögðu einnig stórar áskoranir, sérstaklega má þar nefna mönnun. Það er þó mitt mat að sá kjarni sem við höfum af fólki sé ágætlega í stakk búinn til þess að leysa verkefni sem þetta með sóma.

2 Hlíð

2.1 Samskipti við börn.

2.1.1 Hvernig tökum við á móti börnunum í upphafi dags?

Þetta gengur mjög vel að mati starfsfólks deildarinnar og foreldrar tala um að það sé svo gott að koma á morgnana og sækja þau seinni partinn því við gefum okkur alltaf að hverju og einu barni og foreldrum. Sýnum umhyggju og spjöllum svolítið. Auðvitað getur stundum verið erfitt að koma í leikskólann en það leysist í lang flestum tilfellum vel.

2.1.2 Hvernig kveðjum við þau í lok dags?

Við kveðjum öll börn og spjöllum um daginn við foreldra og fáum börnin oftast í það spjall með okkur. Foreldrar tala líka um þetta í foreldraviðtölum, að það sé svo gott þegar þau sækja að við gefum okkur alltaf tíma og enginn fer heim nema búið sé að kveðja.

2.1.3 Hvernig er móttöku nýrra barna háttað?

Það fer eftir því hvort barnið sé að koma nýtt inn í leikskólann eða kemur af yngri deild.

Ef barnið kemur nýtt inn þá hittum við foreldra stuttlega áður en barnið kemur í aðlögun, förum aðeins yfir deildina og fáum upplýsingar um barnið. Ákveðið grunn skipulag er fyrir aðlögunina en alltaf er ákveðið með foreldrum hvernig nákvæmlega henni verði háttað.

Þegar barn kemur af yngri deild kemur það í styttri heimsókn fyrsta daginn sem lengist svo næstu tvo daga. Þetta gengur yfirleitt alltaf vel og við teljum að ekki þurfi að breyta neinu.

2.1.4 Má eitthvað bæta varðandi þessa þætti?

Ekki að svo stöddu. Aðlögunin er sífelldri endurskoðun í hvert skipti og tekur mið af því hvernig gengur.

2.2 Hópastarf og annað Skipulagt starf á deildum

2.2.1 Hópastarf.

Hópastarfið gengur vel þegar hægt er að hafa það. Veðrið og loftgæði hafa haft töluverð áhrif í vetur. Farið er útinám, listsköpun, verkefni af ýmsum toga, hljóðfæri, tónlist, Lubbi og margt fleira. Það sem helst stoppar okkur er mannekla. Ef vantar þriðja aðilann er ekki hægt að hafa hópastarf og það stoppar mann stundum af.

2.2.2 Samverustundir.

Þrjár samverur eru á dag þar sem farið er yfir daginn, veðrið, Lubbi er tekinn, Blær vináttuverkefni, dagar og mánuðir, leikrit flutt, sungið, lesið, farið með ljóð og vísur og spjallað saman. Lengd

stundanna fer svolítið eftir stemmningunni í hópnum í hvert skipti. Spurning hvort við höfum yngri og eldri samveru fyrir hádegismatinn, þegar yngri börnin koma á deildina í haust.

2.2.3 Elsti árgangurinn.

Í vetur var skipulagt fyrir elstu börnin á Hlíð tvær stundir í viku þar sem farið var í ýmis flóknari verkefni en þau hafa verið að gera. Lubbi finnur málbein er til grundvallar skólaverkefna og ýmis stærðfræðitengd verkefni. Einnig eru allskyns önnur verkefni notuð til að ýta undir skólafærni. Eftir áramótin var erfitt að hafa þessar stundir tvisvar sinnum í viku vegna veikinda starfsmanna og styttingar. Farið er í Árbæjarsafn í desember, samstarf við Vogaskóla er stór þáttur í starfi elstu barnanna, Borgarleikhúsið og Þjóðleikhúsið heimsótt ásamt Hörpunni. Ýmsir viðburðir hjá Símfóníuhljómsveit Íslands fyrir elstu börnin í leikskólanum.

2.2.4 Útinám.

Gengur ljómandi vel þegar hægt er að vera úti, vegna kulda eða loftgæða. Það vantar engan efnivið eins og er. Náttúran og umhverfið kannað farið í leiki og ýmis verkefni. Tínum ber á haustin og lauf í moltugerðina, tínum steina, förum á snjóþotur, setjum niður kartöflur, sáum fyrir grænmeti, borðum úti, skoðum skordýr og þau dýr sem eru nálægt, klifrum í trjánum, verum berfætt, förum í vettvangsferðir, hjólum og bara njótum og upplifum.

2.2.5 Frjáls leikur

Mikil áhersla er lögð á frjálsan leik og fer hann fram í flæði. Lítið er um stýrt val. Leikurinn er sjálfsprottinn og þau eru mjög góð í honum. Fjöldi barna á svæði fer svolítið eftir leiknum, allt frá einum upp í 10. Gefum góðan tíma fyrir frágang og allir hjálpast að.

2.2.6 Málörvun.

Málörvun fer fram í öllu starfi skólans, Í fataklefa, matartímum, klósetti, hópastarfi og meira. Við erum mjög dugleg að tala við börnin og setja orð á athafnir. Það er mikið lesið, sungið, ljóð skoðuð og við nýtum samverustundir og hópastarf til frekari málörvun. Gott væri að geta fengið auka starfsmann til að sinna þessu betur í skipulögðum tímum.

2.3 Samskipti við foreldra

Foreldrasamstarf hefur gengið mjög vel og opin, heiðarleg samskipti eru lykillinn að því. Við tölum saman að morgni þegar börnin eru að koma í leikskólann og líka þegar þau eru sótt. Tölvupóstar, símhringingar, foreldraviðtöl og heimsóknir í leikskólann. Foreldrar eru upplýstir um stöðu barnsins og alltaf er hægt að tala við starfsmann deildarinnar. Spurning hvort ætti að bjóða foreldrum upp á að koma í leikskólann og upplifa/vera með í einhverjum stundum yfir veturinn.

2.4 Starfsandi og starfsskilyrði

Okkur finnst starfsandinn góður á deildinni. Við erum dugleg að tala saman og hlægja. Hlutverk hvers og eins eru skýr en ekki er unnið eftir ákveðinni verklýsingu heldur göngum við öll í það sem þarf að gera. Við tölum saman og veltum málum fyrir okkur, ef eitthvað þarf að laga er það rætt og fundin lausn. Upp kom hugmynd um að hafa Skilaboðaskjóðu milli starfsmanna á deildinni þar sem ýmsar upplýsingar um starfið koma fram, þá geta allir gengið að nauðsynlegum upplýsingum.

2.4.1 Stytting.

Styttingarnar ganga eins vel og hægt er, en það er alltaf undirmönnun þegar hún er. Þetta er skipulögð og fyrir fram ákveðin mannekla!!

Starfsmenn fara í orlof yfir sumarleyfismánuðina og erfitt getur verið að taka orlofsdaga yfir vetrartímann, ef maður á einhverja daga, því ekki er til afleysing og stytting vinnu vikunnar er mjög íþyngjandi starfsmannalega.

2.5 Samstarf milli deilda

Samstarf við yngri við deildarnar er ekki mikið enda erum við í sitthvoru húsinu. Gætum verið með flæði milli húsa einhverja daga, verið saman í hópastarfi og útinámi. Með því að auka samstarf milli eldri og yngri deilda.

2.6 Árstíðarbundin Verkefni

Þorrablót, öskudagur, foreldrakaffið, þrettándagleðin, jólaball, jólamaturinn, drullumall, sumarhátíð, tiltektardagur og eitthvað fleira. Þetta hefur yfirleitt gengið ljómandi vel og foreldrar tilbúnir til samstarfs. Við teljum ekki þörf á því að breyta þessum viðburðum að sinni.

2.6.1 Annað

Er eitthvað annað sem ykkur finnst þurfa að endurmeta? Ef svo er ætla ég að biðja ykkur um að vera í sambandi við aðra deildarstjóra svo að samhljómur sé um það sem metið er.

2.7 Samstarf við Vogaskóla

Steinahlíð

Fyrir Covid19 var samstarf við Vogaskóla á byrjunarreit og var farið í tvær heimsóknir yfir skólaárið og Lúsú hátíð í desember. Eftir áramótin var allt komið á fullt.

Við höfum farið með elstu börnin í leikfimi tíma aðra hverja viku í allan vetur, nýtt okkur bókasafn skólans, fengið að vera í matsalnum á matartíma, farið í heimilisfræði, venjulega skólatíma og forritun. Við erum nokkrum sinnum búin að vera í frímínútum og okkur hefur verið boðið á leiksýningar sem nemendur skólans halda. Þetta hefur gengið mjög vel og kemur til með að halda áfram og jafnvel möguleiki að fara í smíðatíma, textílmennt og eitthvað fleira.

2.7.1 Komu nemendur í Vogaskóla líka í heimsókn á Steinahlíð?

25. apríl var umhverfisdagurinn í Vogaskóla, en þá komu nemendur úr Vogaskóla á lóðina okkar hér á Steinahlíð. Eins hefur 8.bekkur komið að hausti að lesa fyrir okkur í nokkur skipti, nemendur Vogaskóla koma í vasaljósiferð að morgni til þegar enn þá er myrkur úti og nokkrir árgangar hafa komið til okkar og gert verkefni tengd stærðfræði og náttúrufræði. Útinámsstjóri Steinahlíðar kom því samt skírt til skila að nemendur Vogaskóla eru ætíð velkomnir á Steinahlíð og óþarfi er að gera boð á undan sér, það er nóg pláss og samstarfið þarf að vera í báðar áttir.

2.7.2 Má eitthvað bæta varðandi þessa þætti?

Þessi dagskrá frá Vogaskóla er til mikillar fyrirmyndar en spurningin hvort að hægt væri að finna flöt á því að útnámsstjóri geti undirbúið heimsókn nema úr Vogaskóla í samvinnu við t.d. náttúrufræðikennara skólans, eða að bekkur úr Vogaskóla setji niður nokkrar kartöflur í garðinn okkar að vori og taki upp að hausti.

3 Kjarr

3.1 Samskipti við börn

Við leggjum mikið upp úr því á Kjarrri að taka á móti öllum börnum með bros á vör og opnum armi. Með því að fagna hverju barni upplifa þau sig sem að þau séu velkomin, þau finna til öryggis og finnast þau skipta okkur máli.

Lagt er mikið upp úr því að kveðja hvert barn í lok dags. Þar sem við klárum yfirleitt daginn úti getur reynst erfitt að ná að kveðja en við leggjum okkur þó fram að reyna að ná augnsambandi við öll börnin og veifa þeim ef við erum langt frá þeim. Við reynum einnig að gera okkar besta að ná að ræða við hvert foreldri í lok dags til að segja frá degi barnsins.

Lögð var mikil vinna í að útbúa sérstaka móttökuáætlun nýrra barna og betrumbæta aðlögunina. Með þessari vinnu hefur verið auðveldara að taka á móti nýjum börnum og aðlögun gengið vonum framar.

3.2 Hópastarf og annað Skipulagt starf á deildum

3.2.1 Hópastarf.

Hópastarf á Kjarrri fór vel af stað síðasta haust og gekk mjög vel fram að áramótum að halda hópastarfstímum. Fyrir áramót var einblínt á þau verkefni sem að fjalla um börnin sjálf, að þekkja líkamshluta, fjölskyldu sína og sitt nánasta umhverfi. Eftir áramót ákváðum við að einblína meir á útinám heldur en hópastarf þar sem við náðum lítið að komast út fyrir áramót í útinámið vegna margra mengunar daga. Þau verkefni sem unnin eru í útinámi koma inn á málörvun, stærðfræði, hlustun, einbeitingu, samvinnu, þolinmæði og grenndarkennslu.

3.2.2 Samverustundir.

Á Kjarrri eru mjög fjölbreyttar samverustundir. Þar er skiptst á að taka fyrir Lubba, lesa bækur, fara með ljóð, syngja lög, fara í spil, taka Blæ stundir og margt fleira. Við reynum ávallt að hafa samverustundir hæfilega langar og ef að þær eru of langar reynum við að brjóta þær upp með mismunandi verkefnum. Endurskoða þarf það hvort mögulega þurfi að skipta samverustundunum í tvo hluta þar sem börnin eru stödd á misjöfnum þroska.

3.3 Útinám

Í september og október gekk vel að halda skipulögðu útinámi en erfitt var að halda því í nóvember, desember og janúar vegna mikils frosts og mikillar mengunar.

Í útinámi læra börnin að fylgja hópnum, að hlusta, fara eftir fyrirmælum, halda athygli, læra inn á sitt nánasta umhverfi, læra á þær hættur sem að leynast í umhverfi okkar, málörvun, stærðfræði, að vinna saman í hóp og fleira.

Okkar ósk er að koma upp hugmyndabanka um útinámsverkefni í Steinagerði.

3.4 Frjáls leikur

Á Kjarri er frjáls leikur á morgnanna, milli 7:30 og 9:30, eftir hvíld á milli 13:00 og 14:30 og ef skilað er inni en ekki úti er frjáls leikur eftir klukkan 15:00 þar til börnin verða sótt.

Í frjálsum leik bæta börnin reynslu sína og sköpunarkraft og efla bæði sitt áhugasvið og félagsfærni. Við getum betur eftir frjálssa leikinn með því að gefa okkur tíma til að setjast niður með þeim og hjálpa þeim að dýpka betur leikinn.

Okkur langar að koma upp vali aftur fyrir hádegi til að ná að dreifa betur hópnum og nýta betur plássin sem deildin hefur upp á að bjóða.

Við gefum yfirleitt góðan tíma í frágang.

3.5 Samskipti við foreldra

Það eru tvö foreldraviðtöl á hverju skólaári, eitt á haustin og eitt á vorin. Bæði viðtölin hafa gengið mjög vel og finnst foreldrum gott að setjast niður og fá að ræða um börnin sín. Einnig bjóðum við alltaf upp á að foreldrar geti haft samband ef eitthvað þarf að ræða, hvort sem það er í gegnum síma, senda tölvupóst eða fá fund með okkur.

Á hverjum föstudegi sendum við póst til foreldra þar sem talið er upp hvað var gert í vikunni, í hópastarfi, útinámi og öðru starfi.

Við höfum okkar markmið að reyna að gefa okkur ávallt smá tíma á daginn til að reyna að ræða við sem flesta foreldra, hvort sem það er á morgnanna eða seinnipartinn þegar þau sækja börnin.

3.6 Starfsandi og starfsskilyrði

Erfið samskipti voru fyrir áramót í Steinagerði þar sem mikið var um manneklu og mikil þreyta komin í starfsfólkið. Tekið var á þessum samskiptum og hafa þau gengið mun betur eftir áramót og minna hefur verið um þessi miklu veikindi á starfsfólki.

Á Kjarri hefur starfsfólkið á hreinu hverjar starfslýsingar þess eru og deildastjóra, en samvinnan á deildinni er mjög góð og hjálpast allir að, að ganga í þau störf sem þarf til að deildin gangi upp.

Skýrari mætti vera um starfslýsingu útinámsstjóra, sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra, halda

áfram að vinna í handbók fyrir starfsmenn þar sem þessar lýsingar ættu að koma fram ásamt öðrum mikilvægum upplýsingum.

Haldið eru deildarstjórafundir á hverjum föstudegi og allar upplýsingar skrifaðar og settar í starfsmannahandbókina. Fáir af Kjarri sem fara inn á kaffistofu, spurning um að prenta út upplýsingar af fundinum og hengja upp á töflu á Steinagerði.

3.6.1 Stytting.

Gengið hefur að halda styttingar en við höfum náð að halda því til haga með því að færa til undirbúning og hafa þá á föstum dögum. Reynt er sjaldan að færa til styttingarnar þar sem verið er eingöngu að færa vandamálið yfir á annan dag.

Reynt er eftir fremsta megni að koma til móts við fólk þegar það óskar eftir orlofi, með því til dæmis að færa til undirbúning og einstaka sinnum styttingar annarra.

3.7 Málörvun

Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi, við leggjum mikið upp úr því að leggja orð á allar athafnir.

Málörvun fer fram við matarborðið, í fataklefanum, í hópastarfi, útinámi, í útiveru, í frjálsum leik og svo lengi mætti telja. Allir starfsmenn deildarinnar taka þátt í daglegri málörvun.

Markviss málörvun fer fram í hópastarfi, útinámi og í samverustundum.

Gott væri að hafa aðgang að meira úrvali af efnivið sem að styður markvissa málörvun, líkt og fjölbreytt spil og góðan gagnabanka af verkefnum sem tengjast málörvun barna. Einnig myndi ég vilja sjá sérkennslustjóranntaka meira af markvissri málörvun barna af erlendum toga til að gefa þeim meira forskot til að ná góðum tókum á tungumálinu okkar.

3.8 Samstarf milli deilda

Mikið samstarf er á milli deildanna tveggja á Steinagerði en oftast erum við 5 í húsi þegar aðrir starfsmenn eru í styttingu og þarf því að hjálpast að. Samstarf gekk erfiðlega fyrir áramót en mun betur eftir áramót.

Lítið er um samstarf á milli Steinagerðis og Hlíðar þar sem erfitt er að vera í tveimur aðskildum húsum og halda góðu samstarfi. Einnig hefur mikið mannekla verið og því oft erfitt að viðhalda samstarfi á milli húsa.

3.9 Árstíðarbundin Verkefni

Á Steinahlíð erum við með nokkra fasta viðburði og má þar nefna foreldrakaffi á þrettándanum, Ruslatínsludaginn, Drullumallsdaginn, Pabba/afa kaffi, Mömmu/ömmukaffi og jólaball barnanna.

Þessir viðburðir hafa gengið mjög vel og þeir viðburðir sem að foreldar eru boðnir á eru yfirleitt mjög vel mættir af foreldrum. Við sjáum ekki ástæðuna til að fækka né fjölga.

3.10 Annað

Nei.

4 Laut

4.1 Samskipti við börn.

Það hefur gengið vel að taka á móti börnunum, þeim er heilsað með nafni og boðið knús ef þau vilja. Þeim er boðinn morgunmatur ef hann er enn á borðum. Það hefur ekki verið mikið um að börnum gangi illa að koma hjá okkur en ef það kemur upp þá leitum við lausna við að gera aðskilnaðinn eins sársaukalausan og hægt er, t.d. vinka í glugga, leiða athygli að öðru eða taka þau í fangið.

Kveðjustundir hafa gengið vel. Börnin eru kvödd glaðlega og þakkað fyrir daginn eða óskað góðrar helgar.

Þetta hefur gengið vel vegna þess að við höfum lagt áherslu á að hvert barn upplifi sig sem mikilvægan hluta af barnahópnum á deildinni. Við leggjum áherslu á að börnin upplifi sig örugg og velkomin. Eins að umhverfi þeirra og starfsfólk sé jákvætt og hlýlegt.

4.2 Hópastarf og annað Skipulagt starf á deildum

Hópastarfið hefur gengið vel og við erum með útinám og listsköpun/könnunarleik í okkar hópastarfi. Hver hópur fer aðra hvora viku í hópastarf. Hópastarfsstjórar skipuleggja sitt hópastarf nokkrar vikur fram í tímann og setja upp plan. Hvert verkefni er svo endurmetið og bætt ef þarf. Listsköpun hefur gengið vel og hafa börnin fengið að uppgötva alls kyns áferðir og efnivið. Útinámið hefur gengið vel þegar það hefur ekki dottið upp fyrir vegna frosts eða mengunar, sem gerðist því miður oft en við hefðum viljað í vetur. Í útináminu höfum við lagt áherslu á að börnin venjist því að labba um stóra garðinn okkar og skoði náttúruna í kring um leikskólann.

Samverustundir hafa gengið vel. Það hefur gengið vel að kenna börnunum að sitja kyrr í sætinu sínu og eru þau mjög áhugasöm um það sem er gert. Í morgunsamveru lærum við máhljóðin með Lubba og er nýtt máhljóð í hverri viku. Við förum yfir daginn okkar, kíkjum á veðrið úti og förum yfir útifötin sem við ætlum í (þegar við höfum komist út) og syngjum nokkur lög. Í hádegissamveru hafa börnin oftast fengið að skoða bækur sjálf, við hlustum á sögu eða lesin bók. Oftast er svo endað á að syngja nokkur lög. Í síðdegissamveru er misjafnt hvað við gerum en við erum með stóran plastkassa sem er fullur af hugmyndum af leikjum sem hægt er að nota. Þar erum við með leiki sem æfa rím, yfir og undirhugtök, örsögur og fleira.

4.3 Útinám

Sjá hópastarf.

Það væri gaman að fá hugmyndir á blaði frá útinámsstjóra leikskólans sem myndu henta 1,5 – 3 ára börnum í útinámi.

4.4 Frjáls leikur

Lögð er mikil áhersla á frjálsan og flæðandi leik. Börnunum er gefinn rúmur tími til að dýpka leikinn sinn en ef við sjáum að einhver nær ekki að sökkva sér í leik eða á erfitt með að komast inn í leikinn þá hjálpum við því barni með því að setjast hjá því og bjóða því að leika með okkur. Það eru 5-7 börn á hverju svæði sem hefur gengið vel þó rýmið mætti vera stærra og leikefnið fjölbreyttara. Það er alltaf starfsmaður í hverju leikrými sem fylgist með leik barnanna og grípur inn í þegar þarf. Lítið hefur komið til átaka milli barnanna þar sem við leggjum mikla áherslu á að grípa inn í og kenna góð samskipti.

4.5 Samskipti við foreldra

Foreldrasamskipti hafa gengið vel. Deildarstjóri sendir vikulegan upplýsingapóst á foreldra og hefur verið ánægja með það. Lögð er áhersla á góð og opin samskipti við foreldra en einnig passað upp á nærgætni í samandi við viðkvæm mál. Í byrjun leikskólagöngu hvers barns hefur deildarstjóri boðað nýja foreldra á fund þar sem starf leikskólans er kynnt, aðlögun útskýrð og fleira.

Foreldrar eru ánægðir með að fá myndir úr starfinu á Völu og hafa gaman af að fá innsýn inn í leikskólastarfið. Við höfum verið með verkefni hjá okkur sem heitir „heimamenning“ þar sem foreldrar senda okkur myndir úr lífi barnanna, þær prentaðar út og límdar á blað sem börnin geta skoðað í leikskólanum.

Okkur finnst hæfilega margir fastir punktar varðandi foreldrasamstarf og finnst ekki þörf á breytingum.

4.6 Starfsandi og starfsskilyrði

Samskipti hafa ekki alltaf gengið vel. Nokkuð hefur verið um neikvæðni og baktal. Það var þó tekið á því og virðist allt horfa til betri vegar. Það þarf þó alltaf að vera með samskiptin á bak við eyrað og hjálpast að við að viðhalda góðum samskiptum.

Upplýsingaflæði hefur stundum verið ábótavant en hafa vikulegir deildarstjórafundir leyst þónokkuð úr þeirri flækju. Mikilvægt er að allir starfsmenn lesi fundagerð deildarstjórafundu þar sem mikilvægar upplýsingar koma fram.

Deildarstjóri hefur sent vikulega upplýsingapósta sem ætlaðir eru til foreldra einnig á starfsfólk sinnar deildar til að starfsfólk sé með á nótunum og geti svarað betur spurningum foreldra.

Styttingar hafa gengið vel og hafa starfsmenn verið duglegir að nýta sér uppsafnaða styttingu.

4.7 Málörvun

Málörvun fer fram allan daginn og við allar athafnir. Við leggjum mikla áherslu á að tala við börnin og leggja orð á allar athafnir. Í samverustundum erum við mjög dugleg að syngja, lesa bækur og hlusta á sögur.

Við höfum notað PECCS myndrænt boðskiptakerfi fyrir börn sem eiga erfitt með að tjá sig. Við viljum nota „Gefðu 10“ markvissara fyrir þau börn sem okkur finnst þurfa aukna málörvun.

4.8 Samstarf milli deilda

Það hefur ekki verið mikið samstarf milli deilda, mögulega vegna samskiptavanda innan leikskólans. Við höfum þó verið að fara í flæði milli deilda, sérstaklega ef við höfum ekki komst út. Hugmynd væri að vera með flæði alla daga í byrjun dags. Þá er morgunmatur á hvorri deild og börnin í flæði á meðan.

4.9 Árstíðarbundin Verkefni

Við höfum verið með jólagjafir foreldra og jólaföndur fyrir jólin. Páskaföndur fyrir páska. Málað þorrakórónur og teiknað mynd af þabba fyrir bóndadaginn ásamt því að bjóða þöbbum og öfum í kaffi. Teiknuðum mynd af mömmu fyrir konudaginn og buðum mömmum og ömmum í kaffi. Við höfum sumarhátíð á vorin og krakkahesta. Við vorum alltaf með foreldrakaffi á þrettándanum en slepptum því í ár þar sem okkur fannst stutt í bóndadagskaffi.

Okkur finnst þessi verkefni ganga vel og ekki þurfa að fjölga eða fækka þeim.

4.10 Annað

Vináttuverkefni Barnaheilla: við höfum ekki verið nógu dugleg að nota verkefnið. Við höfum verið frekar hugmyndasnaugar. Við erum að endurgera námsefnið og gera það aðgengilegra sem vonandi ætti að vera hvatning til að nota efnið meira.

4.11 Foreldrasamvinna

Við leggjum mikla áherslu á foreldrasamvinnu. Við bjóðum foreldrum í heimsóknir við ýmiss tækifæri. Við höldum foreldrum upplýstum um gang mála í leikskólanum hverju sinni. Það gerum við með tölvupóstum og öðrum auglýsingum sem hengdar eru upp í leikskólanum. Einnig leggjum við áherslu á að ræða við foreldra þegar þeir koma með börnin eða þegar þau eru sótt. Við setjum myndir frá leikskólastarfinu inn á Völuna. Leikskólastjóri ber ýmiss mál undir foreldraráð og fær álit þeirra og ábendingar.

4.12 Starfsþróun

Við erum svo heppin að hér innanhúss er mikill mannauður. Við höfum talvert af menntuðum leikskólakennurum, einnig höfum við fólk með aðra menntun sem nýtist í starfi. Við höfum reynt að haga starfsþróun eftir styrkleikum hvers og eins. Við hvetjum þannig fólk til þess að fara á þau námskeið sem þeim finnst áhugaverð.

Við höfum innleitt TRAS lista á allar deildir. Listanum er ætlaður sem hjálpartæki til þess að fylgjast með máltöku barna á aldrinum tveggja til fimm ára. Starfsmenn leikskólans hafa verið að fara á námskeið til þess að geta nýtt sér þennan lista.

Starfsmenn sem vinna að sérkennslu hafa farið á sérhæfðari námskeið um hluti sem snerta þeirra skjólstæðinga með beinum hætti.

5 Sérkennsla

5.1 Samskipti við foreldra

Samskipti við foreldra fara fram í gegnum tölvupóst, símtöl, stutt samtöl í fataklefanum og reglulega teymisfundum. Teymisfundir fara fram á u.þ.b. 6 vikna fresti en það kemur fyrir að það þarf að fresta fundum og þá er nýr fundur bókaður eins fljótt og hægt er.

Það sem við viljum leggja áherslu á í framtíðinni er að taka upp fleiri myndböfn af börnunum til að sýna foreldrum hvernig þjálfun er háttað í leikskólanum og framfarirnar sem eru að eiga sér stað. Við viljum einnig byrja að skipuleggja teymisfundum betur. Það væri gert með samtali á milli sérkennslustjóra og stuðnings í vikunni fyrir fund þar sem farið yrði yfir þau atriði sem þarf að ræða á teymisfundinum.

5.2 Starfsandi og starfsskilyrði

Samskipti við aðra starfsmenn gengur yfir höfuð vel. Almennt séð vilja aðrir starfsmenn sem vita hver áhersluatriðin í þjálfun hjá börnunum er og hvernig þau geta stutt við markmiðinn sem verið er að vinna að. Sú þjálfun sem er í gangi er skrifleg, kynnt fyrir starfsfólki og hangir upp á veggjum þegar það er viðeigandi. Starfsfólk sérkennsluna reynir að hittast vikulega og fara yfir þjálfunarþrógrömm og ræða álitamál.

Það sem gæti verið betur gert er að hafa reglulegri deildarfundum þar sem væri m.a. hægt að kynna það mikilvægasta í þjálfun barna. Öll kynning á þjálfun barna í sérkennslu fyrir öðru starfsfólki fer venjulega fram á hlaupum eða örsamtölum á milli verkefna. Til að auka upplýsingarflæði höfum við nýlega byrjað á því að setja fundargerðir í möppu inn á deild og láta starfsfólk kvitta þegar það er búið að lesa hana.

5.3 Málörvun

Málörvun fer fram í gegnum allt leikskólastarfið en þegar það þarf eru skipulagðar sérstakar málörvunarstundir. Sérkennslustjóri sér um málörvunarstundir en eftir að sérkennslustjóri varð einnig aðstoðarleikskólastjóri hafur málörvunarstundum fækkað mikið. Við höfum ráðið inn starfsmann sem mun sinna málörvun fyrir börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda undir handleiðslu sérkennslustjóra. Við eigum mikið að málörvunarefni aðgengilegt og leggjum mikið upp úr málörvun í gegnum allt leikskólastarfið.

5.4 Starfsþróun

Við leggjum mikla áherslu á þróun í starfi og sendum starfsfólk óspart á námskeið sem að nýtist þeim í starfi. Við notum líka leiðsögn innan leikskólans þar sem reyndir starfsmenn kenna og leiðbeina nýjum starfsmönnum.

6 Umsögn foreldraráðs

Undirrituð hafa lesið og kynnt sér starfsáætlun leikskólans Steinahlíðar 2023-2024. Foreldraráð telur starfsáætlunina uppfylla þau skilyrði sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar setur varðandi starfáætlanir leikskóla.

Starfsáætlunin inniheldur áherslur Steinahlíðar og eins og áður er lögð áhersla á útinám, enda einstakt umhverfi hjá leikskólanum. Eins og fram kemur í greinagerð leikskólastjóra eru stöðugildin um 14 og þar af eru 5 menntaðir leikskólakennarar, ásamt því að einn starfsmaður er langt komin með námið. Telur foreldraráð það vera augljóst merki um hve góður leikskóli Steinahlíð er.

Í innra mati hverrar deildar er farið yfir hvernig starfið hefur gengið fyrir sig á liðnu skólaári og er ánægjulegt að sjá að samskipti á Steinagerði hafi lagast mikið eftir áramót, þar sem mikið hafi verið um veikindi starfsmanna og því mikið álag á öðru starfsfólki. Eins bera að nefna að fram kemur að framkvæmd stytting vinnuvikunnar er krefjandi verkefni sem ekki er endanlega búið að leysa, en hefur gengið hingað til.

Síðast liðinn vetur í nóvember, desember og janúar voru all margir dagar þar sem börnin komumst ekki út annað hvort vegna mengunnar eða mikils kulda. Þetta eru atriði sem starfsfólk getur að sjálfsgöðu ekki stjórnað, en það er mikilvægt að eitthvað verði gert vegna þeirrar miklu mengunnar sem er að mælast hér á höfuðborgarsvæðinu svo ekki er hægt að fara með börnin út.

Að mati foreldraráðs er tekið undir það sem fram kemur í starfsáætluninni um að samskipti við foreldra gangi vel. Afskaplega ánægjulegt er að koma með og sækja börnin á leikskólann þar sem starfsmenn gefa sér tíma til að spjalla við foreldra. Eins og fram kemur í starfsáætluninni er fyrirhuguð stækkun á Steinahlíð skammt á veg komin. Foreldraráð vonast til þess að verða áfram haldið vel upplýstu varðandi þróun á því máli.

Foreldrar voru duglegir að mæta á þá viðburði sem haldnir voru og er það afskaplega skemmtilegt og ánægjulegt að fá að koma í leikskólann á viðburðina. Foreldraráði þykir síðastliðið ár hafa gengið mjög vel og ágætlega hefur gengið að fylgja starfsáætlun.

Fyrir hönd foreldraráðs, Arnar Þór Arnarsson

Foreldraráð skipa:

Anna Liebel

Arnar Þór Arnarsson

Ásta Björnsdóttir

Birta Sif Arnardóttir

Juliana Werneburg

Steinunn Guðný Ágústsdóttir

7 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru sex talsins yfir veturinn. Tímasetningar þeirra eru:

Föstudaginn 1. september

Föstudagurinn 17. nóvember – sameiginlegur með grunnskólum

Þriðjudaginn 2. janúar

Föstudaginn 1. mars

mánudagurinn 15. apríl – sameiginlegur með grunnskólum

Föstudagurinn 17. maí – sameiginlegur með grunnskólum

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Leikskólinn Steinhlið**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F Starfsdagur	1 S	1 M Foreldravíðtöl Laut	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F Starfsdagur	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F Foreldravíðtöl Laut	2 L	2 Þ Starfsdagur	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F Foreldravíðtöl Laut	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Foreldravíðtöl Kjarr	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F Prettándaglegi með foreldrum	5 M	5 Þ Foreldravíðtöl Kjarr	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M Foreldravíðtöl Kjarr	6 M	6 L Prettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M Foreldravíðtöl Kjarr	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F Fridagur verslunarmanna	7 L	7 Þ Foreldravíðtöl Kjarr	7 F	7 S	7 M	7 F Foreldravíðtöl Kjarr	7 S	7 Þ	7 F Drullumálsdagurinn mikli og sumarihátið	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M Foreldravíðtöl Kjarr Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M	8 F	8 F Foreldravíðtöl Kjarr	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F Foreldravíðtöl Kjarr	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S Steinhlið opnar eftir sumarfrí	10 Þ	10 F Foreldravíðtöl Kjarr	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Sumarlökun
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M Foreldravíðtöl Laut	11 F	11 L	11 Þ	11 F Steinhlið opnar aftur 8.ágúst
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ Foreldravíðtöl Laut	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M Foreldravíðtöl Laut	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M Óskudagur	14 F Foreldravíðtöl Laut	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F Foreldravíðtöl Laut	15 M Skipulagsdagur Sam	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F Mómnu, ómmu, systra og frænku kaffi	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Menntastérfnumót - sam. starfsdagur	17 M	17 M Lyðveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M Foreldravíðtöl Hlið	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur þabba, afa, bræðra og frænda kaffi	19 M Vetrarfrí í grunnskólum	19 Þ Foreldravíðtöl Hlið	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M Foreldravíðtöl Hlið	20 M	20 L	20 Þ Vetrarfrí í grunnskólum	20 F Foreldravíðtöl Hlið	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ Foreldravíðtöl Hlið	21 F	21 S	21 M	21 F Foreldravíðtöl Hlið	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F Námskygning	22 S	22 M Foreldravíðtöl Hlið	22 F	22 M	22 F	22 F Foreldravíðtöl Hlið	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F Foreldravíðtöl Hlið	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F Skipulagsdagur Sam	24 S Aófangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Pálmasunnudagur	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladaur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F Vetrarfrí í grunnskólum	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 F Ruslalyndudagur	26 S	26 F Fæðingardagur forseta Íslands (GTHJ)	26 F
27 S	27 M	27 F Vetrarfrí í grunnskólum	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L Fyrsti vetrardagur	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Skírdagur	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F Föstudagurinn langi	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M Foreldravíðtöl Laut	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ Foreldravíðtöl Laut		31 S Gamlársdagur	31 M		31 S Páskadagur		31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða fridagur nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfdu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna